

MINNISBLAÐ

Efni:	Þarfagreining vegna uppbyggingar leik- og grunnskóla í innbæ Garðabæjar
Dagsetning:	04.04.25
Ritað af:	Hrönn Hafliðadóttir, Guðbjörg Brá Gísladóttir, Arinbjörn Vilhjálmsson, Edda Björg Sigurðardóttir, Guðbjörg Linda Udengard og Hanna Halldóra Leifsdóttir

1. Núverandi staða

Umhverfissvið og fræðslu- og frístundasvið hafa í sameiningu unnið þarfagreiningu vegna húsnæðis leik- og grunnskóla, samhliða fyrirhugaðri uppbyggingu íbúða í innbæ Garðabæjar á næstu árum. Hér verður því ekki fjallað um þörfina í Urriðaholti, enda er þörf mætt með uppbyggingu 3. áfanga Urriðaholtsskóla. Þá liggur fyrir minnisblað um stöðu og þörf á Álftanesi, sem unnið er eftir.

Í innbæ eru 6 grunnskólar og 13 leikskólar. Garðabær rekur fjóra grunnskóla en að auki eru Barnaskóli Hjallastefnunnar og Alþjóðaskólinn sjálfstætt starfandi. Garðabær rekur 8 leikskóla á svæðinu. Hjallastefnan rekur þrjá leikskóla auk þess að hýsa fimm ára börn í Barnaskólanum og er Sjáland einnig sjálfstætt starfandi.

Heildarrými og nemendafjöldi í grunn- og leikskólum má sjá í töflu hér að neðan miðað við skólaárið 2024-2025 og meðtaldir eru nemendur búsettir í öðrum sveitarfélögum. Þar má sjá að almennt eru rými í grunnskólum vel nýtt en meira er um laus rými í leikskólum. Reynslan sýnir að í grunnskólum geta skapast aðstæður til að nýta rými betur, eftir því hvernig stærð árganga raðast inn í viðkomandi skóla, sérstaklega á það við um samþætta leik og grunnskóla.

Bæjarshluti	Fjöldi barna í leikskólum	Rými í leikskólum	Fjöldi barna í grunnskólum	Rými í grunnskólum
Útbær	173	225	367	440
Uppbær	356	415	366	486
Innbær	883	917	1.917	1.896
Samtals	1.412	1.557	2.650	2.822

2. Áætluð uppbygging og fjölgun barna í innbæ

Mikil uppbygging er áætluð á næstu 10 árum í innbæ Garðabæjar og samhliða henni munu leik- og grunnskólabörnum fjölga í bænum. Munar þar mestu um uppbyggingu í Hnoðraholti og Vetrarmýri, sem er skilgreint sem nýtt skólahverfi.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu uppbyggingarsvæði í innbæ Garðabæjar og áætlaðan uppbyggingarhraða íbúða á hverju svæði fyrir sig.

Uppbyggingarsvæði	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	Samtals
Lyngás þróunarsvæði							100	100	100	300
Esklås	50	52								102
Vetrarmýri	50	100	100	100	100	100	100	100	50	800
Hnoðraholt norður	50	100	100	100	100	80	50			580
Hnoðraholt suður				50	100	100	100	150	100	600
Arnarland				50	100	100	100	50	50	450
Íbúðir	150	252	200	300	400	380	450	400	300	2832

Fjölgun íbúa í innbæ Garðabæjar er hér raðað niður eftir uppbyggingarsvæðum, til að áætla hve mikil fjölgun verður í hverju skólahverfi fyrir sig. Þrátt fyrir að fjölskyldur hafi val um hvaða grunnskóli er sóttur er reynslan sú að nábýli við skóla er ráðandi þáttur.

Til viðmunar má í töflunni hér að neðan sjá áætlaðan fjölda skólabarna næsta skólaár í innbæ, á Álftanesi og í Urriðaholti.

Bæjarhluti	Leikskólaldur 2020-2024	Grunnskólaaldur 2010-2019	Íbúðir	Leik.p.íbúð	Grunn.p.íbúð
Útbær (Álftanes)	188	384	912	0,21	0,42
Uppbær (Urriðaholt)	545	521	1.638	0,33	0,32
Innbær	792	1.694	4.372	0,18	0,39
Samtals	1.525	2.599	6.922	0,22	0,38

Vífilsstaðalandi má skipta upp í Vetrarmýri, Hnoðraholt norður og Hnoðraholt suður. Í Vetrarmýri er miðað við að samsetning íbúa verði sambærileg og í Sjálandi og í Hnoðraholti norður fyrstu árin er gert ráð fyrir því að íbúasamsetning verði sambærileg og í Urriðaholti. Í Hnoðraholti suður er gert ráð fyrir því að íbúasamsetning verði sambærileg og í Hæðahverfi. Hér er því stuðst við meðaltalsstuðul sem fundinn var fyrir allan innbæ Garðabæjar, 2,4 íbúar/íbúð (LB = 0,22 og GB = 0,38). Það má því gera ráð fyrir því að á næstu 3 árum verði fjölgun um 100 leikskólabörn og 130 grunnskólabörn.

Fjölgun í Vífilsstaðalandi	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	Samtals
Íbúar	240	480	480	600	720	672	600	600	360	4752
Leikskólabörn	20	40	40	50	60	56	50	50	30	395
Grunnskólabörn	26	52	52	65	78	73	65	65	39	515

Á svæðum í uppbyggingu í Ásahverfi er reiknað með samskonar íbúasamsetningu og er í Eskiási í dag, það er 2,53 íbúar/íbúð, því um samskonar uppbyggingu er að ræða. Miðað er við 0,33 leikskólabörn (LB) á íbúð og 0,37 grunnskólabörn (GB) á íbúð. Hér má því áætla að á næstu tveimur árum fjölgi börnum í Ásahverfi um 34 leikskólabörn og 38 grunnskólabörn.

Fjölgun Ásahverfi	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	Samtals
Íbúar	127	132					253	253	253	1017
Leikskólabörn	17	17					33	33	33	133
Grunnskólabörn	19	19					37	37	37	149

Vegna skipulagsákvæða í Arnarlandi og áherslum í íbúðasamsetningu og þjónustu er gert ráð fyrir sambærilegri íbúasamsetningu og í Sjálandi, það er 1,83 íbúar/íbúð og því er stuðst við sama fjölda barna á íbúð og er í Sjálandi (LB = 0,12 og GB = 0,11). Reiknað er með að fyrstu íbúunum í Arnarlandi árið 2028-2029.

Fjölgun í Arnarlandi	2026	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	Samtals
Íbúar	0	0	0	92	183	183	183	92	92	0	824
Leikskólabörn	0	0	0	6	11	11	11	6	6	0	50
Grunnskólabörn	0	0	0	6	12	12	12	6	6	0	54

3. Greining á stöðu

Leikskólar

Fyrir liggur að töluverð fjölgun verður á leikskólabörnum í Garðabæ næstu árin samhliða uppbyggingu á húsnæði.

- **Vífilsstaðaland** nauðsynlegt er að fylgjast náið með fjölgun leikskólabarna, vegna uppbyggingar í Hnoðraholti og Vetrarmýri næstu árin. Þar sem uppbygging í Hnoðraholti er enn stutt á veg komin er ekki talin þörf á að grípa til aðgerða strax haustið 2025. Vinna við deiliskipulag á leikskóla í Hnoðraholti er þegar hafin og er áætlað að hönnun og uppbygging hefjist árið 2026/2027. Ef fjölgun leikskólabarna vegna uppbyggingar í Hnoðraholti og Vetrarmýri verður meiri og hraðari en áætlanir gera ráð fyrir er lagt til að komið verði fyrir viðbyggingu við leikskólann Sunnuhvol fyrir um 60-100 börn fyrir haustið 2026.
- **Ásahverfi:** nauðsynlegt er að koma fyrir lausum kennslustofum við Sjálandsskóla fyrir 60 börn á þessu ári og er það þegar í undirbúningi. Með því má stækka 5 ára deild skólans og rýma þannig fyrir yngri börn í öðrum leikskólum í hverfinu. Einnig skapast aukið rými fyrir grunnskólabörn í skólanum, þar sem 5 ára deild nýtir húsnæði grunnskólans í dag. Í skipulagi er gert ráð fyrir nýjum leikskóla í Ásum en nánari greining á stöðu þarf til að ákvarða tímasetningu framkvæmda við hann.

Grunnskólar

Fyrir liggur að töluverð fjölgun verður á grunnskólabörnum í Garðabæ næstu árin samhliða uppbyggingu á húsnæði.

- **Vífilsstaðaland** nauðsynlegt er að fylgjast náið með fjölgun skólabarna, vegna uppbyggingar í Hnoðraholti og Vetrarmýri. Þar sem uppbygging í Hnoðraholti er skammt á veg komin er ekki talin þörf á að grípa til aðgerða strax haustið 2025 í þeim hluta bæjarins. Vinna við deiliskipulag á grunnskóla í Hnoðraholti hefst haustið 2025. Æskilegt er að huga fyrst að grunnskóla fyrir börn í 1.-4. bekk í bráðabirgðahúsnæði árið 2027 á meðan á byggingu varanlegs skólahúsnæði stendur yfir. Reynslan er sú að börn á seinni stigum grunnskóla í nýjum hverfum eiga tilhneigingu til að klára skólagöngu í þeim skóla sem þau voru í fyrir og því má gera ráð að færri börn þurfa á skólarými að halda en tafla segir til um.
- **Ásahverfi:** Á næstu tveimur árum má gera ráð fyrir fjölgun um 38 grunnskólabörn. Lausar kennslustofur við Sjálandsskóla fyrir 60 leikskólabörn mun skapa rými í skólanum, þar sem 5 ára börn voru áður.
- **Garðaskóli/Flataskóli:** Með fjölgun íbúa í innbæ þarf að fylgjast náið með þróun nemendafjölda í Garðaskóla. Skólinn er unglingaskóli og tekur aðallega við nemendum úr Flataskóla og Hofsstaðaskóla, en einnig frá öðrum hverfum bæjarins.
- **Arnarland:** Ef gert er ráð fyrir að börn í Arnarlandi velji þann skóla sem næstur þeim er, þá þarf að fylgjast með þróun nemendafjölda í Hofsstaðaskóla, hvað varðar stækkun. Við Hofsstaðaskóla er lausar kennslustofur sem endurnýja mætti samhliða mögulegri viðbyggingu við skólann.

4. Framkvæmdaráætlun

Tillaga að framkvæmdaráætlun, sem er endurskoðuð reglulega samhliða uppbyggingu nýrra hverfa. Þessi tillaga verði höfð til viðmiðunar þegar framkvæmdaráætlun árána 2026-2029 verður unnin við gerð fjárhagsáætlunar nk. haust.

- 2025 – Bráðabirgðaleikskóli við Sjálandsskóla fyrir 60 börn
- 2026 – Hönnunarferli fyrir leik- og/eða grunnskóla í Hnoðraholti
- 2026 – Bráðabirgðaleikskóli við Sunnuhvol, - þörfin metin nánar
- 2026-2027 – Framkvæmdir við Garðaskóla/Flataskóla – þörfin metin nánar
- 2027-2030 – Framkvæmdir við leik- og grunnskóla í Hnoðraholti –framkvæmdaröðun verður kynnt sérstaklega eftir nánari rýni
- 2027 – Bráðabirgðahúsnæði fyrir grunnskóla í Hnoðraholti
- 2028-2029 – Stækkun Sjálandsskóla, þörfin metin nánar
- 2029 – Möguleg stækkun Hofstaðaskóla – þörfin metin nánar